

# VEIÐAR Á ÞORSKI TIL ÁFRAMELDIS

Vinnufundur 17-18 okt. 2002



Einar Hreinsson  
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI  
NETAGERÐ VESTFJARÐA HF.  
ÍSAFIRÐI

## Við ætlum að:

- **Setja fram heildarmynd.**
- **Skapa sameiginlegan umræðugrundvöll.**
- **Reifa framtíðarsýn og leggja fram tillögur.**

**Hvað höfum við gert og hvernig :**

**Veitt þorsk:**

- á handfæri
- í dragnót
- í gildrur

# Mat á árangri

**Handfæri:**



**Viðunandi –**

Þetta er hægt, afföll á stundum ásættanleg, lítið magn í einu, takmörkuð flutningsgeta. Veiðiferlið veldur frekar litlu álagi á fiskinn ef hann er tekinn grunnt, en þó ávallt stungu í og við kjaft. Þessi aðferð er ólíkleg til að verða hagkvæm þar sem magnið er lítið, þó að lítið magn í einu geti haft sína kosti í flutningi og aðlögun í kvíum.

## Mat á árangri

**Dragnót:**



**Viðunandi –.**

Þetta er hægt, afföll á stundum ásættanleg, magnið takmarkast mjög af flutningsgetu. Álag á fiskinn er tilöxlulega lítið, veiðiferlið tekur tiltöxlulega skamman tíma og fiskurinn ekki útkeyrður af sundi né slæptur af langri dvöl í veiðarfærinu. Víða er hægt að veiða í dragnót og hreyfanleiki mikill, en þrátt fyrir þessa kosti veiðarfærisins koma þeir ekki verulega að gagni nema aðstaða sé fyrir hendi um borð í veiðiskipi til að geyma og flytja umtalsvert magn um langan veg.

# Mat á árangri

## Gildirur:

## Viðunandi –

Þetta er hægt, afföll með minna móti, magn viðunandi á stundum, lítill hreyfanleiki veiðarfæris. Mikil vinna er að færa stór-gildirur, og lítil reynsla er fyrir í landinu varðandi hagkvæma staðsetningu og árstíma. Ljóst er þó að hægt er að veiða umtalsvert magn í þær og þær hafa þann ótvíræða kost að ekki þarf að tæma þær strax að loknu veiðiferlinu. Veiðiferlið er enn fremur afar jákvætt fyrir fiskinn þar sem það veldur lágmarks álagi á hann.

## Af hverju höfum við gert þetta svona:

- Við höfum verið að þreifa okkur áfram með lítið magn, þar sem megin tilgangurinn hefur verið að kanna hagkvæmni þess að ala þorsk, og ekki síður til þess að öðlast almenna reynslu í að höndla lifandi þorsk við eldisaðstæður.

## Af hverju höfum við gert þetta svona:

- Við gripum nærtækustu aðferðirnar og þær sem við vissum að “færu best með” fiskinn.

## Af hverju höfum við gert þetta svona:

- Gildir hafa verið reyndar vegna þeirra kosta að fiskurinn fer í þær “sjálfviljugur” og þær valda lágmarks álagi á hann. Einnig vegna þess að við vissar aðstæður má ná miklu magni á stuttum tíma. Tilraunin er athyglisverð framtakið lofsvert.

# Vandamál

Veiðarnar eru flöskuháls af því að:

- Veiðar eru veiðar og ekki á vísan að róa í eldisveiðum frekar en öðrum veiðum.
- Við eigum enn ekki skip sem búin eru til móttöku, meðhöndlunar og flutnings á lifandi fiski.
- Þess vegna eru eldisveiðar heftar við nærliggjandi grunnmið umfram hefðbundinn veiðiskap. Hanga þarf á nærliggjandi grunnslóðum þar til fiskur gefst, og fara þaðan jafnvel fyrr en veiðin rénar til að koma aflanum í kvíar. Það er því ekki hægt að beita sér af “fullum” krafti á meðan gefur, og fiskur er undir.

## Framtíðarviðfangsefni:

Framtíð veiða á þorski til áframeldis byggist mjög á því hvaða afstaða verður tekin til þess hvort þorskeldið á að byggja alfarið eða að hluta á villtum smáþorski, eða hvort það á að byggja á seiðaframleiðslu eingöngu.

## Ef þorskeldið þarf villtan fisk :

- Þá þurfum við brunnbát(a) með dragnótabúnaði
- Við þurfum að efla samstarf við Norðmenn
- Við þurfum fleiri gildirur og að reyna þær víðar.
- Við þurfum að gera fleiri tilraunir með að ná lifandi fiski úr öðrum veiðarfærum.
- Við þurfum að leggja frekari fjármuni í rannsóknir tilraunir á þessu sviði.

**Ef þorskeldið mun byggja alfarið á  
seiðaframleiðslu :**

**Þá þurfum við ekki að veiða !**

## Verkefni þessa vinnuhóps hér og nú er því:

- Að ræða og taka afstöðu til vægis veiðanna í þorskeldinu bæði í lengd og í bráð.

- Að móta og leggja fram tillögur þar um í samræmi við þá afstöðu.

